

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Langanesbyggð.

Sveitarstjórn Langanesbyggðar samþykkti óverulega breytingu á deiliskipulagi hafnarsvæðis Þórshafnar á fundi sínum þann 13. febrúar 2020.

Breytingin er gerð í samræmi við fyrirhuguð byggingaráform Ísfélags Vestamannaeyja við suðurhlíð frystihúss félagsins við Eyrarveg 16 á Þórshöfn. Breyting er gerð á byggingarreit ásamt stærðum og skilgreiningum lóða. Deiliskipulagið er sett fram á breytingarupprætti ásamt greinargerð dags. 6. janúar 2020.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 2. mgr. 43. gr. og 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Langanesbyggð, 17. febrúar 2020.

Jónas Egilsson staðgengill sveitarstjóra.

B-deild – Útgáfud.: 2. mars 2020